

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 1. október 2014
1410005 IE


Efni: Umsögn um þált. um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.

Með tölvubréfi dags. 24. sept. 2014 sendi velferðarnefnd Alþingis Jafnréttisstofu til umsagnar þált. um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, lþ. 144, þskj. 14, 14. mál.

Lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að skipa starfshóp með fulltrúum allra stjórnmalaflokka á Alþingi til þess að gera þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.

Verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt minnir Jafnréttisstofa á að þess verði gætt að í starfshópinn verði skipaðir karlar og konur í sem jöfnustum hlutföllum, sbr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnframt minnir Jafnréttisstofa á mikilvægi þess að áréttað yrði við starfshópinn, verði af skipun hans, að gæta gaumgæfilega að kynjasjónarmiðum við alla sína vinnu, varðandi tölfræði, tillögur, áætlanir, stefnumótun og hvað eina sem hópurinn myndi fjalla um á þessum þremur mikilvægu sviðum samfélagsins. Jafnréttisstofa vísar sérstaklega til markmiða jafnréttislaga í 1. gr. þeirra, 17. gr. um kynjasambættingu og enn fremur 23. gr. um menntun og skólastarf.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur